

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1973

Nr. 104.

222

9. maí 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 67 29. júní 1932 um breytingu á reglugerð
nr. 88 25. október 1929, um bifreiðatryggingar.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Við 1. mgr. 3. gr. bætist: Uppsögn skal ætíð miða við 1. júní.

2. gr.

Upphaf 4. gr. orðist svo:

Á eftir 14. gr., sem verður 13. gr., kemur ný grein, sem verður 14. gr., svo hljóðandi:

Eigendur skráningarskyldra vélknúinna ökutækja eru skyldir til þess að tryggja ökutæki sín fyrir eitt ár í senn frá 1. júní til 31. maí næsta ár, og greiðist iðgjaldið fyrir fram fyrir allt tryggingartímabilið. Ef nýtt ökutæki er tryggt á árinu, skal það tryggt til 31. maí næstan á eftir, þannig að tryggingartími allra ökutækja miðist við tímabilið 1. júní til 31. maí næsta ár. Ráðherra getur þó heimilað, að ökutæki séu tryggð í skemmri tíma en eitt ár.

3. gr.

Tryggingartímabil það, sem ljúka skyldi 30. apríl 1973, framlengist til 31. maí 1973. Gjaldldagi viðbótariðgjalds fyrir maí mánuð 1973 skal vera 9. maí 1973.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 79. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 227 30. desember 1971.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. maí 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.